



5. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 21. september 2016

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Einar Grétarsson (EG), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Krístrún Kristjánsdóttir (KK) og Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM).

Auk þeirra sat Indriði framkvæmdastjóri fundinn.

Birna Kristín Jónsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Hjólreiðar.

Forsvarsmenn hjólaáhugafólks afboðuðu komu sína á fundinn en munu koma á næsta fund og kynna hugmyndir sínar. Vangaveltur um hjólreiðadeild og einnig samstarf við Hjólakraft rædd. Tekin ákvörðun að sækja um styrk til UMFÍ úr fræðslu- og verkefnasjóði fyrir 1. október til að koma af stað samstarfi við Hjólakraft.

2. Skýrsla Hekla um Nóra

Skýrsla Heklu rædd. Aðalniðurstöður hennar voru á þá leið að æskilegt væri að öll vinna tengd Nóra væri á hendi skrifstofunnar. Ákvarðanir verða teknar í kjölfarið um breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

3. Uppeldissamningar

Birna ætlaði að vera með kynningu en frestast.

Umræða um samning við leikmann og vangaveltur um að setja nýjar reglur varðandi sölu á ungum leikmönnum. Framkvæmdastjóra var falið að fá afrit af fundargerð stjórnar knattspyrnudeildar þar sem ákvörðun á skiptingu peninga var ákveðin.

4. Stefnumótun félagsins

Stefnumótun félagsins rann út 2015. Hugmyndir eru uppi að stjórnir deilda og þjálfara að borði til að móta stefnumótun félagsins til næstu fimm ára.

5. Yfirferð á dagatali

Ósk frá handboltadeild að fara yfir skráningar á dagatali vegna móta sem eru skráð um helgar og í kjölfarið falla niður æfingar handboltans, en fyrri hluta septembermánaðar féllu helgaræfingar niður í tvígang. Framkvæmdastjóri fór yfir viðburðardagatalið þar sem unnið er samkvæmt þeirri reglu að deild fái eitt mót fyrir jól og eitt eftir mót. Undantekning á þessu hafa verið samþykktar og þá vegna stórra fjáröflunarmóta og fjáröflunardansleiki deilda.

Áréttað að skráningar í viðburðadagatal fara eingöngu í gegnum framkvæmdastjóra.

Sýna þarf umburðarlyndi, samvinnu og sveigjanleika í upphafi vetrarstarfs á meðan að tímabil knattspyrnudeildar klárast og fyrstu mótin eru að byrja hjá deildum sem starfa yfir veturinn.

6. Bílaleigubílar

Á kennitölu félagsins eru nú 19 bílaleigubílar, hver deild hefur hingað til séð um þessa samninga. Umræða um þetta fyrirkomulag.

Formaður leggur til þá breytingu að hér eftir, eða frá og með 21. september fari þessir samningar eingöngu í gegnum framkvæmdastjóra. Þessi breyting á að stuðla að betri yfirsýn yfir þessi mál og sérstaklega skuldbindingu félagsins. Samþykkt samhljóða. Haldi hefur verið tilkynnt um þessa ákvörðun aðalstjórnar. Kallað verður eftir þeim samningum sem ekki hafa skilað sér á skrifstofuna.

Aðalstjórn veur athygli á sjöttu grein um fjárhagslegar skuldbindingar:

Fjárhagslegar skuldbindingar. Stjórnir deilda skulu gera starfs-og fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir aðalstjórn til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórnnum deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiri háttar skuldbindingum er átt við þær, sem eru umfram 200.000 krónur. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. grein 16. í lögum félagsins. Skriflegir samningar skulu liggja fyrir í öllum stærri fjáröflunum deilda, og skulu þeir lagðir fyrir framkvæmdastjóra félagsins til skoðunar og samþykktar.

7. Kynningarmál í grunnskólum bæjarins.

Formaður kynnir umræðu um kynningarmál í grunnskólum Mosfellsbæjar, en Aftureldingu, eins og flestum æskulýðssfélögum í Mosfellsbæ stendur ekki til boða að kynna starf sitt á nægilega góðan hátt innan veggja grunnskóla bæjarins.

Í boði hefur verið að sitja við borð á gangi, sem hefur ekki skilað góðum árangri. Félagið afþakkaði að koma að slíkri kynningu nú í haust.

8. Önnur mál

- Formannafundur – Stuttur fyrirlestur um mikilvægi fyrirmyndadeilda og félags, fyrirlesari Viðar ÍSí. Ákveðið að halda fund seinni hluta október.
- Kynning á háskólanámi í USA . Sérsniðið fyrir íþróttafólk 13-20 ára. Verður haldin þriðjudaginn 27. sept. kl. 20.00 í vallarhúsinu.
- Framundan er kynning fyrir þjálfara miðvikudag 28. sept. og fimmtudag 29.sept. á þjálfaraappi sem flýttir fyrir skráningu þeirra á mætingu iðkenda í Nora kerfinu.
- Fjáröflun pappír: Papco búinn að rifta samningi sínum við Aftureldingu. Umræða um fjáröflunarmál.

Fundi slitið kl 20.10
Kristrún Kristjánsdóttir
(sign).